



Fyrirgreiðslur fjármálafyrirtækis til venslaðra aðila

28. mars 2017



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Fyrirgreiðslur fjármálafyrirtækis til venslaðra aðila

-- Kynning á breyttu skýrsluformi með hliðsjón af
nýjum reglum

Hjálmar Stefán Brynjólfsson
Forstöðumaður reglusetninga

Yfirlit yfir kynningu

1. Forsaga
2. Lagabreytingar 2015 – 2016 og nýjar reglur
3. Nýtt skýrsluform
4. Breytingar til framtíðar litið

1. Forsaga

1. Forsaga

- Skýrslur FME varðandi fyrirgreiðslur fjármálafyrirtækis til venslaðra aðila hafa grundvallast á LT um efni starfsreglna stjórnna (nú LT 1/2010)
 - Í þeim er m.a. að finna úrelta skilgreiningu á vensluðum aðilum
- Lánveitingar viðskiptabankanna til tengdra aðila gagnrýndar í skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis um fall viðskiptabankanna
- Lagabreytingar tóku gildi 2010, þar sem skilgreining á „tengdum aðilum“ tók viðtækum breytingum
 - Skilgreiningu á „nánnum tengslum“ umbylt þannig að hún tæki mið af sömu tengslum og fyrirtækjum á skipulegum verðbréfamarkaði ber að taka tillit við mat á hvort yfirtökuskylda hafi myndast

1. Forsaga

- Í sömu lögum, nr. 75/2010, var í fyrsta sinn lögfest ákvæði um takmarkanir á fyrirgreiðslum fjármálafyrirtækis til tengdra aðila skv. 29. gr. a laganna, en þar var miðað við 1% af eiginfjárgrunni eða 100 m.kr.
- Fjármálaeftirlitið setti reglur nr. 162/2011, til að afmarka nánar efni 29. gr. a
 - Ætlunin var að taka upp nýtt skýrsluform, en horfið var frá því m.a. vegna reglna um stórar áhættuskuldbindingar, nr. 625/2013, CRD IV löggjafarinnar og XBRL gagnaskila

1. Forsaga

- Ákvæði 29. gr. a laga um fjármálafyrirtæki og reglna nr. 162/2011 sættu nokkurri gagnrýni, fyrst og fremst vegna fjárhæðartakmarkana
- Allt frá árinu 2013 hefur verið unnið að endurskoðun regnanna, og sú endurskoðun fór fram samhliða upptöku CRD IV löggjafarinnar
 - Ástæður felast m.a. í því að skilgreining CRR reglugerðarinnar á “nánum tengslum” stangaðist á við fyrrgreinda skilgreiningu
 - Önnur ástæða fólst í samlegðaráhrifum af gagnrýni AGS á skilgreiningu laga um fjármálafyrirtæki á tengdum aðilum (e. related parties) vegna BCP úttektar
- Breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki sem gerðar voru með lögum nr. 57/2015 og 96/2016 voru [nauðsynlegur undanfari endurskoðunar á reglum nr. 162/2011](#)
 - Þessi endurskoðun hefur áhrif á skýrslu um fyrirgreiðslur til venslaðra aðila og mun leiða til þess að uppfæra þárf LT nr. 1/2010 um efni starfsreglna stjórna fjármálafyrirtækja

2. Lagabreytingar 2015 – 2016 og nýjar reglur FME

2. Lagabreytingar 2015 – 2016 og nýjar reglur FME

- Lög nr. 57/2015 fólu í sér að fjárhæðartakmörkunum á fyrirgreiðslur til virkra eigenda, framkvæmdastjóra, lykilstarfsmanna og stjórnarmanna var breytt úr 1% af eiginfjárgrunni eða 100 m.kr. í 200 m.kr. hámark, sem þó getur aldrei farið yfir 25% af eiginfjárgrunni sbr. reglur um stórar áhættuskuldbindingar
- Lög nr. 96/2016 fólu í sér að skilgreiningum í ákvæði 29. gr. a, sem fjallar um ofangreindar fjárhæðartakmarkanir var breytt, þannig að m.a. er notast við hugtakið venslaða aðila (e. related parties) um þá aðila sem ákvæðið nær til. Þannig fela þessar lagabreytingar í sér að hámark fyrirgreiðslna fjármálafyrirtækis til hvers og eins venslaðs aðila, ásamt með nánnum fjölskyldumeðlimum og félögum í eigu aðilans eða fjölskyldumeðlima, má að hámarki nema 200 m.kr.

2. Lagabreytingar 2015 – 2016 og nýjar reglur FME

- Til viðbótar við fyrrnefndar breytingar kemur nú skýrt fram í lögum um fjármálafyrirtæki að um viðskipti fjármálafyrirtækis við venslaða aðila, svo og við aðra starfsmenn þess, gilda armslengdarsjónarmið, þ.e. þau eiga að vera framkvæmd eins og um ótengda aðila sé að ræða
 - Um aðra venslaða aðila en þá sem fjárhæðartakmarkanir gilda, gildir ætíð regla um armslengdarsjónarmið
- Nýjar reglur um fyrirgreiðslur fjármálafyrirtækis til venslaðra aðila, nr. 247/2017, uppfæra eldri reglur til að endurspegla ofangreindar breytingar. Að auki hafa verið gerðar breytingar á því hvað telst til traustra trygginga, t.a.m. um veðsetningarhlutföll.

Spurning: Hvað eru venslaðir aðilar?

Svar: Tengdir aðilar skv. reikningskilum

- Sömu aðilar og teljast almennt tengdir aðilar (e. related parties) hjá almennum félögum, skv. alþjóðlegum reikningskilastaðli IAS 24. Nefnast venslaðir aðilar hjá fjármálafyrirtækjum til að rugla ekki saman við önnur hugtök um tengsl í lögum um fjármálafyrirtæki
 - Til viðbótar við aðila sem skilgreindir eru tengdir aðilar (e. related parties) skv. IAS 24, getur venslaður aðili verið hver sá aðili sem FME telur að sé venslaður aðili -- þessi hluti skilgreiningarinnar er í samræmi við kjarnareglur Basel – nefndarinnar um skilvirkt bankaeftirlit (BCP)
 - Enn sem komið er telur FME engan aðila vera venslaðan til viðbótar við tengda aðila skv. IAS 24, ef það breytist þá mun það gerast við endurskoðun LT 1/2010 um efni starfsreglna stjórnna
- Með þessari hugtakabreytingu næst fram samræming milli fjármálafyrirtækja og almennra fyrirtækja, svo og samræming við löggjöf á verðbréfamarkaði (svo sem MiFID II og MAR)

3. Nýtt skýrsluform

3. Nýtt skýrsluform

- Breytingar á neðanmálgreinum
 - 1. neðanmálgrein: Skilgreining á fyrirgreiðslu samræmd við reglur nr. 247/2017 og ffitl.
 - 2. neðanmálgrein: Skilgreining á vensluðum aðila samræmd við reglur nr. 247/2017 og ffitl.
 - 3. neðanmálgrein: Undanskilin fjárhæðarmörk felld niður í samræmi við breyttar áherslur skýrslu og í staðinn kemur eftirfarandi texti: *Í reitinn skal færa nafn þess aðila sem fær fyrirgreiðslu.*
 - 4. neðanmálgrein: Fjárhæðarmörk vanskila felld niður í samræmi við breyttar áherslur skýrslu og í staðinn kemur eftirfarandi texti: *Alltaf skal skrá nafn venslaðs aðila í svæði fyrir neðan fellilistana í dálknum.*
 - 5. neðanmálgrein: Óbreytt.

3. Nýtt skýrsluform

- Hvað ber að skrá í fyrstu tvo dálka nýrrar skýrslu?
 - Nafn og einkvæmt auðkenni (kennitölu) hvers venslaðs aðila (virks eiganda, stjórnarmanns, framkvæmdastjóra, lykilstarfsmanns eða náinna fjölskyldumeðlima þeirra eða félaga í eigu framangreindra)
- Hvað ber að skrá í fyrri fellilista undir dálknum *Tengsl við fjármálafyrirtæki*?
 - Tegund venslaðs aðila (Stjórnarmaður, Framkvæmdastjóri, Lykilstarfsmaður, Virkur eigandi (beinn og óbeinn))
 - Náinn fjölskyldumeðlimur við venslaðan aðila (þ.e. maki eða ófjárráða börn)
 - muna þarf að færa inn nafn þess aðila sem er venslaður fjármálafyrirtækinu (þ.e. virkur eigandi, stjórnarmaður, framkvæmdastjóri eða lykilstarfsmaður)
 - Aðrir liðir falla niður

LAN_FyrirgreiðslaVidVenslaðaAdila_v1.5 [Read-Only] - Microsoft InfoPath

File Home Insert

Cut Copy Paste Format Painter Clipboard

Verdana 10 Font Paragraph Page Views

Current View: View 1 Spelling ABC Find Replace Select All Editing

Fyrirgreiðsla við venslaða aðila

Heiti Fjármálafyrirtækis: * ▼

Fyrirgreiðsla¹⁾ við venslaða²⁾ aðila, pr.: * ▼

Nafn aðila ³⁾	Kennitala	Tengsl við fjármálafyrirtæki ⁴⁾	Tegund fyrirgreiðslu	Kjör fyrirgreiðslu ⁵⁾	Fjárhæð	Vanskil
		Veldu tengsl... ▼ Veldu... ▼			*	
		Veldu tengsl... Stjórnarmaður Framkvæmdastjóri Lykilstarfsmaður Virkur eigandi (beinn og óbeinn) Náinn fjölskyldumeðlimur Náin tengsl				
				Samtals:	0 kr.	0

Bæta við línu

1) Með fyrirgreiðslu er átt við lánveitingu, verðbréfaeign, eign og aðrar skuldbindingar gagnvart fjármálafyrirtækinu eða lánvígðum útgefnum af einum eða fleiri aðilum sem eiga virkan eignarhlut í fyrirtæki nr. 161/2002.

2) Með vensluðum aðila er átt við venslaðan aðila í skilningi 1. gr. a laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002.

3) Í reitinn skal færa nafn þess aðila sem fær fyrirgreiðslu.

4) Alltaf skal skrá nafn venslaðs aðila í svæði fyrir neðan fellilistana í dálknum.

5) Koma skulu fram upplýsingar um kjör sundurliðuð eftir tegundum fyrirgreiðslu t.d. skuldabréf, kjörvextir + x%.

afleiðusamninga
málagerningum
fyrirtæki nr.

Dagsetning:

Nafn starfsmanns: *

Símanúmer starfsmanns: *

File Home Insert

Cut Copy Paste Format Painter Clipboard

Verdana 10 Font Paragraph Page Views

Current View: View 1

ABC Spelling Find Replace Select All Editing

Fyringreiðsla við venslaða aðila

Heiti Fjármálafyrirtækis:

 *

Fyringreiðsla¹⁾ við venslaða²⁾ aðila, pr.:

 *

Nafn aðila ³⁾	Kennitala	Tengsl við fjármálafyrirtæki ⁴⁾	Tegund fyringreiðslu	Kjör fyringreiðslu ⁵⁾	Fjárhæð	Vanskil
		Veldu tengsl... Aðrar upplýsingar...	Veldu... Veldu... ---		*	
		Náin tengsl		Samtals:	0 kr.	0

Bæta við línu

1) Með fyringreiðslu er átt við lánveitingu, verðbréfaeign, eignarhluti, veittar ábyrgðir fjármálafyrirtækis, afleiðusamninga og aðrar skuldbindingar gagnvart fjármálafyrirtækinu eða lánveitingu til þriðja aðila með tryggingu í fjármálagerningum útgefnum af einum eða fleiri aðilum sem eiga virkan eignarhlut í því sbr. 29. gr. a laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002.

2) Með vensluðum aðila er átt við venslaðan aðila í skilningi 1. gr. a laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002.

3) Í reitinn skal færa nafn þess aðila sem fær fyringreiðslu.

4) Alltaf skal skrá nafn venslaðs aðila í svæði fyrir neðan fellilistana í dálknum.

5) Koma skulu fram upplýsingar um kjör sundurliðuð eftir tegundum fyringreiðslu t.d. skuldabréf, kjörvextir + x%.

Dagsetning:

17.2.2017

Nafn starfsmanns:

 *

Símanúmer starfsmanns:

 *

3. Nýtt skýrsluform

- Hvað ber að skrá í seinni fellilista undir dálknum *Tengsl við fjármálafyrirtæki?*
 - Annað hvort *Ekkert* ('---') eða *Náin tengsl*
 - Seinni möguleikinn er nýttur til að auðkenna fyrirgreiðslur til félaga í eigu venslaðra aðila eða náinna fjölskyldumeðlima þeirra
- Ekki eru gerðar breytingar á öðrum liðum skýrslunnar, þ.e. varðandi tegund fyrirgreiðslu, kjör, fjárhæð og vanskil
 - Mögulega gerðar breytingar síðar með fellilistum

4. Breytingar til framtíðar litið

4. Breytingar til framtíðar litið

- Nýtt skýrsluform er til bráðabirgða
- Frekari breytingar á skýrsluformum vegna fyrirgreiðslna til venslaðra aðila munu eiga sér stað
 - Endurskoðun m.t.t. fyrirspurna og, eftir atvikum, vafatilvika
 - Skýrslur verða sameinaðar (t.d. viðskipti við tengda aðila)
 - Verið að afmarka hversu víðtæk sameiningin verður og með hvaða hætti hún mun eiga sér stað
 - Breytt úr Infopath í XML
 - Fellilistar í seinni dálkum skýrslunnar
- Breytingarnar eru háðar tímalínunum annarra verkefna.

4. Breytingar til framtíðar litið

- Lokaskrefið í tengslum við endurskoðun á takmörkunum á fyrirgreiðslur til venslaðra aðila verður að uppfæra LT nr. 1/2010, um efni starfsreglna stjórnna fjármálafyrirtækja
- Ráðgert að því verði lokið á 4. ársfjórðungi 2017, sjá í [áætlun](#) um setningu reglna og útgáfu LT sem birt er á vef FME: <https://www.fme.is/um-fme/gagnsaei-i-efirliti/>

Spurningar og umræður
